

24. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 11. febrúar 2026 kl 10.00

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Trausti Salvar Kristjánsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri, Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf

Boðuð dagskrá.

1. Uppsett tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025 - 2030 til auglýsingar
2. Ábendingar frá athugun Skipulagsstofnunar
3. Kynningartími og kynningarfundir fyrir auglýsta tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða

1. Tillaga að umbroti og útliti kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

2. Athugun fyrir auglýsingu svæðisskipulags, álit Skipulagsstofnunar á kynningarillögu Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða. [Smelltu hér](#) til að skoða málið nánar

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Engar athugasemdir komu fram, setti formaður þá fundinn og gengið til dagskrár.

1. Uppsett tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025 - 2030 til auglýsingar

Lögð fram tillaga að útliti og umbroti kynningartillögu svæðisskipulagsins sem unnin var í umsjón Önnu Sigríðar, verkefnastjóra og Gunnars Bjarna Guðmundssonar hjá Pixel ehf. Tillaga að forsiðumynd er teiknuð af Nína Ivanova listakonu á Ísafirði.

Formaður gaf Önnu Sigríði orðið, hún kynnti uppsetningu í A4 umbroti auk liggjandi umbrots fyrir vef. Hrafnkell kynnti útlit á stöðuskýrslu og umhverfismatsskýrslu.

Til máls tóku auk formanns, Arnlín, Bragi, Matthías og Hrafnkell.

Formaður þakkaði framkomnar ábendingar, hún beindi því til starfsmanna að taka tilliti til þeirra við lokafrágang tillögunnar og fylgigagna og áréttaði að skjalið verði áberandi merkt sem kynningartillaga.

Formaður setti fram þá tillögu, að teknu tilliti til framkominna ábendinga, að sú uppsetning svæðisskipulags, stöðuskýrslu og umhverfismatsskýrslu sem lögð hefði verið fyrir fundinn verði samþykkt.

Formaður kannaði hvort einhver lýsti andstöðu við þessa tillögu, engin kvaddi sér hljóðs. *Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.*

2. Ábendingar frá athugun Skipulagsstofnunar

Formaður kynnti að Skipulagsstofnun hefði þann 6. febrúar s.l. lagt fram í [Skipulagsgátt](#) álit á tillögu Svæðisskipulagsnefndar frá 17. nóvember 2025 ásamt umhverfismatsskýrslu og stöðuskýrslu. Tillaga um að auglýsa tillöguna sbr. 2. mgr. 23. gr skipulagslaga var samþykkt í framhaldinu að hálfu sveitarfélaga í desember 2025 og erindi sent Skipulagsstofnun þann 23. desember 2025 og óskað álits Skipulagsstofnunar.

Fram kemur í álit Skipulagsstofnunar að stofnunin hafi farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 24. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við ábendingu í fimm liðum, sem hér segir;

- Til að koma í veg fyrir óvissu í framfylgd nýs svæðisskipulags Vestfjarða þarf að ávarpa og gera grein fyrir hvernig svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar samræmist hinu nýja svæðisskipulagi, t.d. þar sem við á í skýringum á eftir markmiðatöflu hvers kafla eða eftir atvikum með skýrari hætti í umhverfismati.
- Við framfylgd og breytingar á skipulagi þarf að liggja ljóst fyrir hvenær kalla þarf til hvaða svæðisskipulagsnefnd sem hvor hefur sitt umboð. Þá gæti í einhverjum tilvikum komið upp að skilgreina þurfi svæðisskipulagsnefnd gildandi svæðisskipulags sem ábyrgðaraðila á framfylgd nýja svæðisskipulagsins – eða öfugt. Mikilvægt er að í nýju svæðisskipulagi komi fram í hvaða framfylgdarverkefnum það gæti hugsanlega átt við. Sem fyrr segir væri að mati stofnunarinnar einfaldari leið að fella gildandi svæðisskipulag úr gildi samhliða gildistöku nýs svæðisskipulags Vestfjarða en þá þarf vilyrði hlutaðeigandi sveitarfélaga að liggja fyrir.
- Leita þarf umsagnar Breiðafjarðarnefndar á auglýsingatíma.
- Bent er á nýútgefna [stefnu](#) umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um líffræðilega fjölbreytni til 2030. [desember 2025]
- Vinsamleg ábending varðandi tölulegar upplýsingar í stöðumati þar sem fram kemur að hækki íbúafjöldi upp í 11.000 manns verði það um 5% fjölgun. Þarna er e.t.v. átt við 50% aukningu.

Hrafnkell kynnti tillögu hvernig brugðist við ábendingum Skipulagsstofnunar. Við þrjá seinustu liði væri einfalt að bregðast við og setja í framkvæmd. Við hina tvo liði yrði að horfa til að það væri viðkomandi sveitarfélaga sem standa að Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að haga aðalskipulagsgerð í samræmi við samþykkt svæðisskipulag. Það væri ekki hlutverki svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða að fyrirfram að hlutast til um hvernig svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps framfylgdu ákvæðum gildandi skipulags.

Kynnti Hrafnkell síðan tillögu að breytingum á texta Svæðisskipulags Vestfjarða sem hér segir.

Í kafla 9 Umhverfismat verði bætt við eftirfarandi málsgrein:

Þess hefur verið gætt að stefna Svæðisskipulags Vestfjarða skarist ekki á við stefnu Svæðisskipulags Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps 2018 – 2030.

Í kafla 8.1 Samstarf og innleiðing verði bætt við eftirfarandi málsgrein:

Til viðbótar við Svæðisskipulag Vestfjarða eru Reykhólahreppur og Strandabyggð jafnframt aðilar að Svæðisskipulag Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps 2018 – 2030. Þessi sveitarfélög þurfa að tryggja að aðalskipulag þeirra sé í samræmi við bæði svæðisskipulögin.

Formaður gaf orðið laust um tillöguna.

Til máls tóku Hrafnkell, Jóhanna, Matthías, Aðalsteinn

Formaður bar upp einu lagi framangreindar tillögur til að bregðast við ábendingum Skipulagsstofnunar. *Tillögur samþykktar samhljóða.*

3. Kynningartími og kynningarfundir fyrir auglýsta tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða

Formaður gaf Hrafnkeli og Aðalsteini orðið og kynntu þeir eftirfarandi tillögur.

Kynningartími. Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 ásamt umhverfismatsskýrslu og stöðuskýrslu, verði lögð fram til kynningar í Skipulagsgátt þann 16. febrúar n.k. og kynningartími standi til og með 7. apríl n.k.

Tillagan verði einnig auglýst í Lögbirtingarblaði, fréttablöðum sem gefið er út á landsvísu og fréttamiðlum á Vestfjörðum auk auglýsingar á heimasíðum sveitarfélaga og Vestfjarðastofu.

Kynningarfundir. Haldnir verði þrír opnir kynningarfundir sem allir hefjast kl 17.00

- Hólmavík, þann 24. febrúar í fundarsal Hnyðju
- Ísafirði, þann 25. febrúar í Bryggjusal Edinborgarhúss
- Patreksfirði, þann 26. febrúar í Félagsheimilinu Patreksfirði

Á dagskrá yrði almenn kynning á efni svæðisskipulagstillögu og síðan boðið upp á vinnustöðvar þar sem nánari umræða yrði um þemu skipulagsins og almenn atriði þess. Auk þessa verði haldinn kynningarfundur í fjarfundi og efni fundarins verði tekið upp og lagt fram með gögnum svæðisskipulagsins í Skipulagsgátt og heimasíðum sveitarfélaga og Vestfjarðastofu.

Formaður gaf orðið laust, auk formanns tóku til máls Sigríður, Matthías. Finnur, Arnlín, Trausti.

Fram kom ábending að tillögur liggi nú fyrir sveitarstjórnnum Kaldrananeshrepps og Árneshrepps um kosningu á sameiningu sveitarfélaganna í lok mars n.k.. Í umræðu kom fram að sameining sveitarfélaga hefði ekki áhrif á framkvæmd kynningar og auglýsingu svæðisskipulagsins.

Að öðru leyti var tekið var undir tillögur að framkvæmd kynningar. Leggur svæðisskipulagsnefnd hér áherslu á að fá greinargóða lýsingu til sveitarfélaga um kynningarferil og afgreiðslu tillögunnar og góða framsetningu í væntanlegum auglýsingum og efni sem lagt yrði fram á kynningarfundum.

Formaður bar upp tillögu að kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 verði lögð fram til umsagnar frá og með 16. febrúar 2026 til og með 7. apríl 2026.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður óskaði síðan staðfestingar á að boðað verði til þriggja kynningarfunda á Vestfjörðum auk fjarfundar samkvæmt framlagðri tillögu á fundinum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður gerði svo tillögu um að boðað yrði til næsta fundar svæðisskipulagsnefndar þegar unnið hefði verið úr umsögnum að afloknum kynningartíma 7. apríl n.k.. Lagði formaður áherslu á að ná þeim fundi fyrir lok vikunnar eftir að umsagnarfresti ljúki, þó með fyrirvara um fjölda og umfang efnisatriða væntanlegra umsagna.

Formaður þakkaði svo fyrir fundinn og sleit fundi kl 10.55.